

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/1443****2018/EES/25/16****frá 29. júní 2016****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 að því er varðar að færa tiltekin forefni fíkniefna á skrá yfir skráð efni (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 frá 11. febrúar 2004 um forefni ávana- og fíkniefna <sup>(1)</sup>, einkum 15. gr.með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 um reglur um vöktun viðskipta með forefni ávana- og fíkniefna milli Bandalagsins og þriðju landa <sup>(2)</sup>, einkum 30. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauki við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og viðaukinn við reglugerð (EB) nr. 111/2005 innihalda hvor um sig skrá yfir skráð efni sem falla undir fjölda samræmdra aðgerða varðandi eftirlit og vöktun sem kveðið er á um í þessum reglugerðum.
- 2) Skráðu efnunum, sem skráð eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 111/2005, er skipt í flokka sem mismunandi aðgerðir gilda um til þess að ná hlutfallslegu jafnvægi á milli þeirrar ógnar sem stafar af hverju tilteknu efni og byrðar á lögmæta verslun.
- 3) Ströngustu aðgerðirnar, sem kveðið er á um varðandi eftirlit og vöktun, varða efni sem skráð eru í 1. flokki. Rekstraraðilar og notendur verða að hafa leyfi fyrir vörslu þessara efna og til að eiga hvers kyns viðskipti með þau.
- 4) Það er mögulegt að umbreyta klórefedrúni og klórsýndarefedrúni beint í metamfetamín með miklum afrakstri. Aðildarríkin hafa sýnt fram á að síðan 2013 hafi klórefedrúni og klórsýndarefedrúni verið notuð í nokkrum tilvikum innan Sambandsins sem forefni fyrir ólöglega framleiðslu á metamfetamíni (einnig þekkt sem kristallað metamfetamín (e. *crystal meth*)). Að auki hafa okkur dæmi um notkun þessara tveggja efna við framleiðslu á metamfetamíni verið tilkynnt utan Sambandsins.
- 5) Verslun og varsla á klórefedrúni og klórsýndarefedrúni sæta engum lagalegum takmörkunum eins og er og eftirlit með þeim takmarkast við rekstraraðila innan Sambandsins sem skuldbinda sig að eigin frumkvæði til að vakta verslun og tilkynna grunsamleg viðskipti með þessi efni.
- 6) Það fannst engin umtalsverð lögmæt notkun á klórefedrúni og klórsýndarefedrúni við samráð aðildarríkjanna og fulltrúa efnaiðnaðarins. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum lögðu hald á yfir 3 tonn af þessum efnum á árunum 2013 og 2014 í því skyni að hindra að þau væru notuð við ólöglega framleiðslu á metamfetamíni.
- 7) Í ljósi mikillar hættu á ólöglegri notkun klórefedrúns og klórsýndarefedrúns og að teknu tilliti til þess að röðun þeirra muni ekki hafa nein umtalsverð áhrif á lögmæt viðskipti ætti að skrá þessi efni í 1. flokk í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 111/2005.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 273/2004 og reglugerð (EB) nr. 111/2005 til samræmis við það.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 235, 1.9.2016, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 47, 18.2.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 22, 26.1.2005, bls. 1.

- 9) Með reglugerð (EB) nr. 273/2004 og reglugerð (EB) nr. 111/2005 er tilteknum ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 19. desember 1988 <sup>(1)</sup> komið í framkvæmd. Í ljósi hinna nánu, efnislegu tengsla milli þessara reglugerða er réttlæt看legt að samþykkja breytingarnar með einni framseldri gerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

**Breyting á reglugerð (EB) nr. 273/2004**

Eftirfarandi línur bætast við í töfluna fyrir skráð efni í 1. flokki í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004:

„(1R,2S)-(-)-klórefedrín		29399900	110925-64-9
(1S,2R)-(+)-klórefedrín		29399900	1384199-95-4
(1S,2S)-(+)-klórsýndarefedrín		29399900	73393-61-0
(1R,2R)-(-)-klórsýndarefedrín		29399900	771434-80-1 <sup>“</sup>

2. gr.

**Breyting á reglugerð (EB) nr. 111/2005**

Eftirfarandi línur bætast við í töfluna fyrir skráð efni í 1. flokki í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 111/2005:

„(1R,2S)-(-)-klórefedrín		29399900	110925-64-9
(1S,2R)-(+)-klórefedrín		29399900	1384199-95-4
(1S,2S)-(+)-klórsýndarefedrín		29399900	73393-61-0
(1R,2R)-(-)-klórsýndarefedrín		29399900	771434-80-1 <sup>“</sup>

3. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 326, 24.11.1990 bls. 56.